

Ed.

484. Nefndarálit

[8. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. l. nr. 5 29. jan. 1951 og l. nr. 6 17. febr. 1959, um breyt. á þeim lögum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

1. málsgr. 2. gr. orðist svo:

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1000—2000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestum brúttó að stærð, en 15000—20000 kr., ef skipið er 200—600 rúmlestir brúttó að stærð, og 15000—25000 kr., ef skipið er yfir 600 rúmlestir brúttó að stærð. Skulu þá og öll veiðarfæri í skipinu, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk. Nú næst ekki í skipstjóra, og er þá einnig heimilt að gera upp-tækt skipið sjálft eða andvirði þess að hluta. Upptöku má einnig heita, þótt ekki hafi verið höfðað refsímál út af broti, og þótt refsímáli verði ekki komið fram. Máli til upptöku má þá beina gegn eigendum skipsins, umboðsmönnum þeirra eða um-ráðamönnum þess.

Alþingi, 13. apríl 1967.

Jón Árnason, Friðjón Skarphéðinsson, Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
form., frsm. fundaskr.

Ólafur Jóhannesson, Sveinn Guðmundsson, Gils Guðmundsson.
með fyrirvara.

Helgi Bergs,
með fyrirvara.